



Umhverfis- og skipulagssvið -

Reykjavík, 21. maí 2026

USK26040352

hsg

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 21.5.2026 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Ægisíða 104 - Leikskólinn Ægisborg - Nýtt deiliskipulag - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. maí 2026, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. maí 2026 á auglýsingu á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina að Ægisíðu 104, Leikskólinn Ægisborg, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalístaflokks Íslands ásamt áheyrnarfulltrúum Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Undanfarin misseri hefur verið unnið að því að leggja drög að endurbótum og stækkun leikskólans Ægisborgar í Vesturbænum, þar með talið í stýrihópnum Brúum bilið og spretthóp um leikskólauppbyggingu sl. sumar. Hér er lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu um að reist verði nýtt leikskólahúsnæði á tveimur hæðum ásamt kjallara sem mun rúma allt að 160 börn í átta deildum leikskóla í stað fjögurra deilda leikskóla fyrir 75 börn. Áfram er gert ráð fyrir stórra leikskólalóð og að eldri húsin víki fyrir nýju húsnæði sem uppfyllir nútímakröfur.

Helga Björk Laxdal
e.u.